Heilsuleikskólinn Fífusalir



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Efnisyfirlit

1. Formáli ... 3
2. Inngangur ... 3
3. Skólastarfið/Leiðarljós ... 4
4. Mat á skólastarfi ... 4
Innra mat leikskólans ... 4
Ytra mat ... 7
5. Umbótaáætlun ... 8
6. Áherslur í starfi leikskólans ... 9
7. Þróunar- og nýbreytnistarf ... 13
8. Foreldrasamstarf ... 14
Foreldraráð ... 14
Foreldrafélag ... 14
10. Skipulagsdagar ... 16
11. Aðrar upplýsingar ... 16
12. Húsnæði og lóð ... 17
Skólaárið 2025 - 2026 ... 17
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027 ... 17
Er það sama og á síðustu þremur árum, þar sem við höfum ekki fengið neitt viðhald. ... 17
13. Öryggismál ... 18
14. Lokaorð ... 19
15. Fylgigögn ... 20
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ... 20
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun ... 20
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal ... 20
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs ... 20

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum. Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Leikskólastarfið á skólaárinu 2026–2027 var í meginatriðum samkvæmt hefðbundnu skipulagi.
Öll börn tóku þátt í smiðju/skapandi starfi og leikvangi einu sinni í viku auk þess sem skipulagt hópastarf fór fram á öllum deildum. Unnið var markvisst með verkefnin *Lubba* og *Blæ* á öllum aldursstigum. Jafnframt var farið í vettvangsferðir einu sinni í viku á öllum deildum, bæði styttri og lengri ferðir.

Læsi í víðum skilningi er ein af megináherslum leikskólans Fífusala. Þar er meðal annars lögð áhersla á læsi á umhverfið, félagslegt læsi/læsi á samskipti og ekki síst málþroska, málskilning og hæfni barna til að tjá sig og nýta tungumálið á fjölbreyttan hátt. Þróunarverkefnið *„Lestur á mörkum skólastiga“*, sem ætlað er elsta árgangi leikskólans, gegnir þar mikilvægu hlutverki ásamt skipulögðu hópastarfi fyrir alla árganga. Þá er lögð rík áhersla á markvissa málörvun sem er samofin öllu daglegu starfi leikskólans.

Sundferðir eru fastur liður í starfinu og nutu mikilla vinsælda meðal barnanna. Gert er hlé á sundferðum í desember og janúar. Á vorönn röskuðust sundferðir vegna ýmissa aðstæðna sem upp komu og féllu að mestu leyti niður .

Á skólaárinu dvöldu þrír nemar frá Danmörku í fjögurra vikna starfsnámi hjá leikskólanum. Þá tók leikskólinn á móti fjórum gestum frá Ringsaker kommune í Noregi; þremur leikskólakennurum og einum fulltrúa frá menntasviði sveitarfélagsins. Jafnframt voru tveir íslenskir kennaranemar í verknámi við leikskólann á skólaárinu.

Dagana 20 -24. janúar 2026 sóttu sex kennarar BETT ráðstefnu í London til að kynna sér nýjungar á sviði tækni og kennsluhátta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Leikskólastarf skólaárið 2026 - 2027 verður með sama hætti og undanfarin ár. Það er stór hópur (27 börn) að fara frá okkur og á næsta skólaári verða eingöngu 2 árgangar á eldri gangi, enda 26 börn fædd 2021 og 28 börn í 2022 í þeim hópum. Yngri gangur verður með 48 börn fædd 2023 – 2025.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Við í heilsuleikskólanum Fífusölum viljum að:

- börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- börn upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi

Einkunnarorð skólans:

Virðing: Að börnin taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum sínum, sem og annarra. Lagt er upp úr góðu trausti og samstarfi milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.
Uppgötvun: Að barnið öðlist reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barnanna án þess að leggja á hann dóm. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni.
Samvinna: Lagt er upp úr því að börn og kennarar séu sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans
Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Fífusala eru á stöðu, framförum og líðan barna, markmiðum og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Mat á viðburðum og verkefnum skólastarfsins fer fram jafnóðum og þau eru framkvæmd. Að loknum viðburðum eru verklýsingar yfirfarnar og endurskoðaðar eftir þörfum með það að markmiði að stuðla að stöðugum umbótum og auknum gæðum í starfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Framfarir, málþroski og almennur þroski barna er metinn meðal annars með HLJÓM-2 skimun, EFI-2 skimun og Heilsubók barnsins.
HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans að hausti með það að markmiði að meta hljóðkerfisvitund þeirra. Ef niðurstöður benda til slakrar færni er boðað til fundar með foreldrum þar sem farið er yfir niðurstöður og viðeigandi íhlutun er ákveðin. Íhlutun felst yfirleitt í hópastarfi þar sem lögð er aukin áhersla á hljóðkerfisvitund og/eða málörvunarhópum. Foreldrar fá leiðbeiningar og verkefni til að vinna með heima. Endurmat fer fram á vorönn.
EFI-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll börn á aldrinum 3;0-3;6 ára með það að markmiði að fylgjast með málþroska og greina þörf á frekari stuðningi. Ef niðurstöður gefa til kynna slaka færni er boðað til fundar með foreldrum þar sem farið er yfir niðurstöður og viðeigandi íhlutun er ákveðin. Íhlutun er í formi málörvunar ýmist í hópum og/eða einstaklings stundum. Foreldrar fá leiðbeiningar um hvernig gott er að efla málið. Endurmat fer fram fyrir fjögurra ára aldur. Ef niðurstöður eru áfram slakar er í samráði við foreldra óskað eftir aðkomu talmeinafræðings.
Deildarstjórar og íþróttakennari skrá framfarir barna í Heilsubók tvisvar á ári og fylgjast með þroska þeirra. Foreldrar mæta árlega í foreldraviðtöl þar sem ma er farið er yfir skráningar og staða barnsins í leik og starfi leikskólans rædd.

Öll börn leikskólans taka þátt í mati á starfi leikskólans, þau teikna myndir og eru spurð ákveðinna spurninga eftir aldri. Það er alltaf jafn skemmtilegt að lesa úr og sjá hvað þau ætla að verða, allt frá því að verða læknir, vísindamaður, flugmaður, Solla stirða og margt fleira mjög áhugavert. Það sem börnunum finnst kennararnir gera er að leggja á borð, tala mikið, vinna, fara út og fara í smiðju. Þeir kenna okkur að skiptast á og stjórna. Börnin á yngri gangi elska fisk með tómatssósu, eða rauðri sósu eins og þau segja. Fiskibollur, hakk og spaghettí ásamt grjónagraut sem er líka ofarlega á lista.

Skólaárið 2025-2026 var tekið fyrir læsi og samskipti í innra mati.
Deildirnar eru á heildina litið í góðum málum í þessum matsþáttum. Margar deildir nefna að þau geti gert betur í að nota þulur og rím, ásamt því að auka orðaforða með því nota flóknara talað mál. Yngri deildirnar vilja bæta sig í að setja orð á athafnir eins og þegar börnin eru að borða eða klæða sig. Skólaárið 2026 - 2027 verður tekið fyrir heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Á nýju skólaári mun taka til starfa matsteymi sem hefur það hlutverk að fjalla um matsþætti og gera áætlun um framkvæmd innra mats. Markmið teymisins er að stuðla að þróun og umbótum á starfi leikskólans.
Í matsteyminu mun sitja leikskólastjóri, deildarstjóri, leiðbeinandi og foreldri úr foreldraráði. Að þessu sinni kemur ekki barn inn í matsteymið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs. Stuðla að umbótum, tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt. Að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Vinnustaðagreining var gerð meðal starfsfólks vorið 2026. 40 manns var boðið að taka þátt en aðeins 28 þátttakendur svöruðu eða 70 %. Starfsánægja fékk 7 í meðaltal sem er 0,1 – 0,5 lægra en hjá Kópavogsbæ. Hollusta fékk 8,8 í meðaltal sem er hærra en Kópavogsbær og svo tryggð með 8 sem er líka 0,1 – 0,5 lægra en Kópavogsbær. Hækkun var á flestum undirþáttum frá 2024.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð fyrir könnun meðal starfsfólks á vegum Skólapúlsins.

Samræmd foreldrakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar, fjöldi þátttakenda var 80 og bárust svör frá 69 foreldrum, sem svarar til 86,3% svarhlutfalls.
Niðurstöður sýna að heildaránægja foreldra með leikskólann er mjög góð og í flestum þáttum svipuð eða yfir landsmeðaltali.
Foreldrar eru sérstaklega ánægðir með líðan barna, félagslegt umhverfi og aðstöðu leikskólans. Einnig mælist mikil ánægja með mat og daglega umönnun barna.
Undirbúningur barna fyrir grunnskóla fær afar jákvæða niðurstöðu og er yfir landsmeðaltali. Þá eru samskiptaleiðir, svo sem heimasíða og smáforrit metnar gagnlegar, en foreldrar væru til í meiri upplýsingamiðlun og samskipti. Þrátt fyrir góða niðurstöðu kemur fram að bæta megi vinnubrögð og samræmi í faglegu starfi. Ánægja með líðan barna hefur lækkað lítillega frá fyrra ári og mikilvægt er að fylgja þeirri þróun eftir. Niðurstöður sýna jafnframt að hlutfall barna sem fær sérkennslu og sérfræðiþjónustu er hærra en á landsvísu. Áfram verður lögð áhersla á að efla styrkleika leikskólans, svo sem jákvætt og öruggt umhverfi og velferð barna. Sérstök áhersla verður lögð á að þróa faglegt starf, bæta upplýsingaflæði og styðja við þarfir allra barna. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar markvisst í áframhaldandi umbótastarfi leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Heilbrigðiseftirlitið mætir árlega og fer yfir salerni og öll þrif sem snúa að eldhúsinu. Taka sýni af diskum, brettum og fleiru. Árlega er einnig tekið sýni úr matvælum og framleiðslu umhverfi svo hægt sé að fylgjast með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í eldhúsinu og rétt sé staðið að framleiðslu og geymslu matvæla. Heilbrigðiseftirlitið sér líka um vöktun á loftgæðum við leikskólann.

Vinnueftirlitið hefur ekki komið nema að við höfum haft samband vegna vinnuslysa sem hefur ekki gerst sl. skólaár.

Eldvarnareftirlit er í höndum húsumsjónarmanns sem sér um að fara yfir eldvarnir í hverjum mánuði, slökkviliðið kemur einnig og yfirfer brunaslöngur og neyðarútganga ásamt fleiru. Öryggiseftirlit lóða fer fram hjá aðalskoðun BSI á Íslandi, en það hefur ekki verið framkvæmt síðan 2024.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Fífusölum er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar sjá í fylgisskjali 1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

6. Áherslur í starfi leikskólans

Í Fífusölum er K-PALS þróunarverkefni í gangi og í haust hefst innleiðing á Lausnahringnum. Lausnahringurinn tekur mikið tillit til barnanna og hefur að leiðarljósi markmið frá Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
Fífusalir stefnir að innleiðingu barnasáttmálans skólaárið 2027-2028, að loknu K-PALS þróunarverkefninu.
Í kenningu Berit Bae sem við vinnum eftir kemur fram mikilvægi þess að hlusta og staðfesta það sem barnið segir. Við vinnum markvisst að því að hlusta á raddir barnanna, þannig að það verður ekki flókið fyrir okkur að fara af stað með Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann að ári þar sem við höfum þetta til hliðsjónar í öllu okkar starfi.

Okkar Kópavogur

Verkefnið felst í því að hvert barn fær úthlutaðar 1.000 krónur frá Kópavogsbæ sem nýttar eru til að kaupa eitthvað sem börnin hafa áhuga á. Upphæðin er sameiginlega nýtt á deildinni og taka börnin þátt í ákvörðunartöku um hvað verður keypt, með leiðsögn starfsfólks. Markmiðið er að efla þátttöku barna, lýðræðislega ákvarðanatöku og ábyrgð í hópnum.

Við byrjuðum á því að halda fund með börnunum þar sem við ræddum um hvaða leikföng þau myndi langa að keypt yrðu inn á deildina. Börnin kusu síðan um þær hugmyndir sem komu fram á fundinum. Kennari fann myndir af þeim hlutum sem flest atkvæði fengu og prentaði út. Börnin völdu hvað af þeim myndum þau langaði mest í og þau leikföng sem fengu flest atkvæði voru keypt.






Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Áherslur um heilsu og vellíðan.

Í leikskólanum er hugað vel að heilbrigði og vellíðan. Það er lögð áhersla á að taka vel og hlýlega á móti hverju barni þannig að það upplifi sig velkomið.

Í aðalnámskrá segir að í leikskóla eigi börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu, t.d. með daglegri útiveru á krefjandi útileiksvæði, næringarríkum mat, skipulögðum hreyfistundum og fjölbreyttum viðfangsefnum. Í skólanum er gott rými til að vinna með bæði fín- og grófhreyfingar. Þau læra að þekkja eigin getu og að takast á við ný og krefjandi verkefni um leið og þau auka úthald, þol og þor. Hugað er að góðri og hollri næringu yfir skóladaginn og matseðill settur saman með hliðsjón af ráðleggingum landlæknis og lýðheilsustofnunar. Börnin eiga kost á morgunverði, hádegisverði og síðdegishressingu.
Gert er ráð fyrir hvíld yfir daginn þar sem næði gefst til að slaka örlítið á, en lengd hennar fer eftir aldri barnanna. Nauðsynlegt er fyrir börn að fá hvíld í einhverju formi yfir daginn. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat. Lögð er áhersla á að kenna börnunum almennt hreinlæti, til dæmis er lögð rík áhersla á handþvott. Unnið er með barnið frá bleiuskiptum til sjálfshjálpar.

Auk ofan talinna þátta er hugað að heilbrigði og vellíðan barnanna í nær öllu daglegu starfi skólans. Börnin eru hvött til að velja hentugar líkamsstellingar við leik og störf. Þau eru einnig hvött áfram í hreyfingu og talað við þau um mikilvægi þess að fara vel með líkama sinn, virða hann og varðveita.

Læsistefna Fífusala

Í Fífusölum bjóðum við uppá mál og lestrar hvetjandi umhverfi í leik, námi og starfi. Við notum fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til læsis, auka færni og gefa börnunum færi á að tjá sig á margvíslegan hátt. Hvert tækifæri er nýtt til samræðna t.d. í leik/námi úti og inni, við matarborðið, í fataherbergi og skiptiborðið. Við stuðlum að virku tali, hlustun í leik og daglegum athöfnum – börnin eru böðuð í tungumálinu.

Við lesum á hverjum degi í samverustundum, en unnið er með lestur markvisst í hópastarfi leikskólans þar sem lögð er áhersla á orðaforðanám, lesskilning og tjáningu. Í þeim stundum vinnum við einnig með málörvun, stærðfræði, læsi, tilfinningar, fínhreyfingar auk þess sem við leikum með stafi, orð og hljóð. Við veitum aðgang að fjölbreyttum bókum og öðru lesefni við hæfi. Notum rím, söngva, orða leiki og vísur til að efla hljóðvitund bæði í samverustundum og hópastarfi.

Við leggjum áherslu á tilfinningalæsi og samskiptafærni. Við æfum okkur í að skiptast á, bera umhyggju fyrir hvert öðru og að hver einstaklingur læri að vera hluti af hóp.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Við kennum börnunum að huga að hvernig þeim líður og setja orð á tilfinningar sínar. Einnig leggjum við áherslu á barnið læri að lesa í svipbrigði og líðan annarra og átti sig á því að hegðun og orðaval getur haft áhrif á aðra í kringum sig.

Dagskipulag er sýnilegt og myndrænt auk þess sem skúffur, hólf og fleira er merkt með myndum og ritmáli. Bókstafir og tölustafir eru aðgengilegir í ýmsum formum. Við leggjum upp með að börnin verði fær um að lesa í umhverfi sitt, við förum í vettvangsferðir, skoðum okkar nærumhverfi með læsi í huga.

Við notum kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“ en þar eru fjölbreytt verkfæri til að styðja börnin til læsis og lögð er áhersla á málhljóða innlögn allt skólaárið. Lestrarátak Lubba er ár hvert þar sem foreldrar eru þátttakendur.

Málstefna

Í Fífusölum eru bæði nemendur og starfsfólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli. Við berum virðingu fyrir ólíkri menningu og tungumálum og við sýnum þeim sem hafa íslensku sem annað mál skilning og styðjum við íslenskunám þeirra.

Málstefna heilsuleikskólans Fífusala:

- Íslenska er skólamál Fífusala þar sem leikur og starf fer fram á íslensku
- Markmiðið er að öll börn hafi náð góðri færni í íslensku í lok leikskólagöngunnar
- Áhersla er á að börnin heyri vandaða, góða og fjölbreytta íslensku í daglegu leikskólastarfi
- Við mætum þörfum barna fyrir málörvun á þeirra forsendum með tilliti til getu og þroska
- Við veitum erlendu starfsfólki aðstoð við að ná tökum á íslensku
- Við leggjum áherslu á gott samstarf við foreldra og foreldrar eru hvattir til þess að efla barnið í móðurmálinu

Nýjar áherslur í aðalnámskrá

Mennta- og barnamálararáðuneytið kynnti breytingar á aðalnámskrá leikskóla sem tóku gildi 1. september 2023. Breytingarnar leggja aukna áherslu á leik sem meginnámsleið barna og skýra nánar hvernig megi meta nám, líðan og stöðu barna með virkri þátttöku þeirra sjálfra.

Í Fífusölum er þetta verkefni hluti af markvissri vinnu þar sem unnið er stöðugt að því að innleiða þessar breytingar í daglegt starf.

Með þessari vinnu, samvinnu og stöðugri endurskoðun er verið að byggja upp starf þar sem leikur, þátttaka og vellíðan barna er í forgrunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Farsæld barna
Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana.
Til að óska eftir samþættri þjónustu geta forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar.
Tengiliður Fífusala er: **Katharína Ósk Emilsdóttir**

Farsældin - Á skipulagsdegi 10. mars sl. var Katharína Ósk sérkennslustjóri með kynningu á „Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og í kjölfarið Kahoot spurningakeppni til þess að athuga hvort allir væru búnir að ná inntaki efnisins.

Endurskoðun skólanámskrár fór fram skólaárið 2024-2025 og var skilað inn vorið 2025 og fengum við samþykki nýlega ásamt umsögn um góðan árangur af okkar starfi sem við erum mjög stolt af – Niðurstöður hafa verið kynntar fyrir foreldraráði.

Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
Þeir deildarstjórar sem hafa tekið á móti börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hafa verið með handbók um hæfnisramma til hliðsjónar. Við erum með mjög lágt hlutfall af börnum með þennan bakgrunn, þannig að það er gott að vera með þessi gögn til upprifjunar þegar við erum að taka á móti börnum og foreldrum sem eru að koma inn í alveg nýjan menningarheim.

Lausnarteymi

Við erum búin að skerpa á verkferlum deildastjóra þegar áhyggjur vakna um barn. Sérkennslustjóri hannaði flott og einfalt skipulag, ferlið frá því að áhyggjur vakna og þangað til lausnarteymi hittir deildarstjóra í annað skipti til að meta framfarir. Nokkur mál hafa verið tekin fyrir og það hefur gengið vel að finna tíma til að hittast til að taka málin fyrir og til þess að fylgja þeim eftir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Fífusalir tekur þátt í tveggja ára þróunarverkefni 2025-2027 sem ber heitið “Lestur á mörkum skólastiga”. Markmið þessa verkefnis er að stuðla að aukinni samfellu í læsis námi barna á milli skólastiga, að efla læsiskennslu í leikskólanum sem byggir á gagnreyndum aðferðum í lestrarkennslu og að efla samstarf milli kennara og starfsfólks í leik- og grunnskóla. Á skólaárinu sem er að ljúka hefur verið unnið markvisst með K-PALS aðferðina í Fífusölum. Verkefnið hefur skilað afar góðum árangri og má sjá frábærar framfarir hjá börnunum í innlögn hljóða og umskráningu, en þar hefur færni þeirra styrkst verulega. Börnin hafa sýnt aukinn skilning, öryggi og færni sem leggur sterkan grunn að áframhaldandi læsi. Eins hefur félagsfærni barnanna eflst til mikilla muna með markvissri paravinnu sem einkennir einmitt K-PALS. Þar er lögð áhersla á samvinnu, samskipti og gagnkvæman stuðning. Mikil tilhlökkun er fyrir áframhaldandi vinnu á komandi skólaári 2026-2027 með elstu börnum í Fífusölum, sem jafnframt markar lokaár þessa þróunarverkefnis „Lestur á mörkum skólastiga“.

Leiðsögn nýliða í starfi – haldið verður áfram með þróunarvinnu undir stjórn verkefnastjóra með það að markmiði að nýliðar fái enn betri þjálfun en verið hefur þegar þeir hefja störf í Fífusölum.

Fífusalir hlaut framhaldsstyrk úr þróunarsjóði leikskóla Kópavogs fyrir skólaárið 2026-2027. Með styrknum verður unnið að gerð bæklinga með vinnuáætlunum fyrir hópastarf. Verkefnið getur gefið gott fordæmi fyrir aðra leikskóla sem býðst að kaupa bæklingana sem verða 5 í setti.

Lausnahringurinn er þróunarverkefni níu leikskóla í Kópavogi. Menntasvið fékk styrk upp á fjórar milljónir og þetta verkefni verður frá 2026 að hausti til 2028 og byggist á uppeldisstefnunni Jákvæðum aga, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og Aðalnámskrá leikskóla.

- Áherslan er á samskipti byggð á gagnkvæmri virðingu.
- Lausnahringurinn kennir félagsfærni og lífsleikni
- Lausnahringurinn er flæðandi verkefni sem mótast og þróast með hverjum hóp fyrir sig, hvaða menning, aldur og reynsla einkennir hópinn ræður för.
- Þarna sameinast allir starfsmenn skólans gagnvart viðbrögðum barnanna, þau taka líka virkan þátt í þessu starfi og meta sig í sinni hæfni. Þetta gengur út á að setja mörk í samskiptum, læra að þekkja sín mörk og annarra, taka tillit til náungans. Geta sýnt samúð með öðrum, geta viðurkennt mistök og orsök. Að allir hjálpist að og bjóða öðrum með. Næsta skólaár fer í innleiðingu fyrir starfsfólk og foreldra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starfi leikskólans. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og er því mikilvægt að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti.

- Hlutverk foreldrafélagsins er að styðja við starf leikskólans með ýmsum hætti.
- Markmið foreldrafélagsins er að auka virkni meðal foreldra, stuðla að velferð barnanna og síðast en ekki síst að hvetja til aukinnar samvinnu milli foreldra og starfsfólk leikskólans.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega, um það bil einu sinni í mánuði en oftar ef þurfa þykir. Í því eru fjórir foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans. Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn.
Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.
Í foreldraráði fyrir skólaárið 2025 – 2026 sitja 5 foreldrar auk leikskólastjóra og tengiliðs.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er stjórn þess kosin á aðalfundi á hverju hausti. Innheimt eru félagsgjöld til að fjármagna starfsemina.
Hlutverk foreldrafélagsins er að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða, til dæmis litlu jólin, sveitarferð og sumarhátíð.
Í stjórn foreldrafélagsins fyrir skólaárið 2025 – 2026 eru 6 foreldrar auk aðstoðarleikskólastjóra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

9. Starfsfólk

Í Fífusölum er gert ráð fyrir 15 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75 % stöðu sérkennslustjóra og 200 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er allt of lítið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 34 stöðugildi, en þar af 8,30 stöðugildi vegna sérkennslu. Leikskólaárið 2026 - 2027 munu væntanlega vera um 32 stöðugildi auk stjórnenda, þrír kennarar og þrír með aðra mastersgráðu í deildarstjórn, þrír kennarar og sérkennslustjóri eru með réttindi sem þroskaþjálfi. Einn er í meistaranámi við HÍ, einn aðstoðarleikskólakennari í námi og einn kennaranemi, 7 starfsmenn eru með aðra háskólamenntun og 13 leiðbeinendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

10. Skipulagsdagar

1. Fimmtudaginn 10. september – Kynning á farsældarlögum. Fyrirlestur og kynning um lausnahringinn frá Arnrúnu Maríu Magnúsdóttur (höfundi). Með henni verður Eva Sif skólastjóri frá leikskólanum Furugrund sem hefur unnið með lausnahringinn sl. tvö ár. Það verður kynning á skólastarfi vetrarins.
2. Miðvikudaginn 11. nóvember - Samskiptafyrirlestur frá KVAN. Fyrirlestur um læsi, málþroska og snemmtæka íhlutun sem Ásthildur B. Snorradóttir talmeinafræðingur verður með.
3. Mánudaginn 4. janúar - Unnið með samskipti - KVAN. Fyrirlestur Ásdísar Emilíu um "Að styrkja jákvæða hegðun, til að draga úr krefjandi hegðun"
4. Þriðjudaginn 9. mars – Endurmat, umbótaáætlun og viðbragðsáætlan
5. Miðvikudaginn 5. maí - Námsferð erlendis með KVAN
6. Föstudaginn 7. maí - Námsferð erlendis með KVAN

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði hverju sinni .

11. Aðrar upplýsingar

Það eru 103 börn skráð næsta skólaár í Fífusölum miðað við stöðu úthlutaðra plássa í lok júní. Laus pláss eru 3 en á síðasta ári enduðum við á að vera með 103 börn í vistun og 2 pláss laus og eitt pláss var ekki setið, þar sem eitt barn er með mikið af hjálpartækjum vegna fötlunar.

26 börn fædd 2021

28 börn fædd 2022

18 börn fædd 2023

18 börn fædd 2024

13 börn fædd 2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Dvalartímar

Miðað við hvernig dvalartími er skráður núna (skrifað í júní) þá verður staðan 1. okt. svona:

24 börn í 6 tíma vistun

37 börn í 8 tíma vistun

10 börn í 7 tíma vistun

7 börn í 7,5 tíma vistun

3 börn í 8,5 tíma vistun

22 börn verða dreifð í 6,25 – 8,25 tíma vistun

Vistunartíminn er mjög breytilegur og munu verða breytingar þegar nær dregur að hausti.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 - 2026

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Er það sama og á síðustu þremur árum, þar sem við höfum ekki fengið neitt viðhald.

1. Setja upp vegg á milli matsalar og listasmiðju til þess að minnka hávaða sem verður til þess að svæðin nýtist betur í starfi.
2. Bæta starfsmannaaðstöðu í fataherbergi á eldri . Fá hillur fyrir starfsmannakörfur.
3. Nýjar taugardínur á yngri gang. Þær sem eru núna eru orðnar 23 ára.
4. Mála ákveðna veggi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

13. Öryggismál

Öryggisnefnd:

Kópavogsbær leggur áherslu á að öryggi starfsfólks, nemenda og annarra þjónustuþega sé í fyrirrúmi og að leitar allra leiða til að efla öryggi. Forvarnir og góð vinnubrögð skapa öruggara umhverfi sem fyrirbyggja óhöpp og slys.

Í Fífusölum er starfandi öryggisnefnd, í henni situr stjórnendateymi leikskólans. Hlutverk hennar er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna.

Til er rýmingaráætlun fyrir leikskólann og gerðar eru brunaæfingar minnst einu á ári.

Öll slys í leikskólanum eru tilkynnt í gegnum atvik en einnig til lögreglunnar og Vís ef þörf krefur. Fylgt er verklagi og áætlun um slysavarnir. Skólaárið 2025 – 2026 voru sex slys barna skráð í atvikaskráningu og eitt slys hjá starfsmanni. Flest voru minniháttar og ekkert var gert eftir athugun hjá Heilsugæslu eða Bráðamóttöku. Alvarlegasta var þegar barn datt á leiðinni út, lenti á kant við gluggann og fékk góðan skurð undir höku, sem var límdur saman.

- Öryggistrúnaðarmaður er Erla Stefanía Magnúsdóttir, leikskólastjóri
- Öryggisvörður er Carmen Valencia Palmero, deildarstjóri.

Áfallaráð er teymi innan leikskólans sem er ávallt í viðbragðstöðu ef upp koma áföll í leikskólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða. Í áfallaráði situr leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og stjórnendateymi leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

14. Lokaorð

Skólaárið sem nú er að ljúka var á margan hátt krefjandi, meðal annars vegna mikilla langtímaveikinda starfsfólks. Þrátt fyrir þær áskoranir sýndi starfsfólk Fífusala mikla seiglu, samheldni og fagmennsku í starfi sínu. Það er ánægjulegt að sjá að starfsmannahópurinn er smám saman að styrkjast á ný og við fögnum því sérstaklega að fá aftur til liðs við okkur starfsmann með mikla reynslu og starfaði áður hjá leikskólanum um árabil.

Á árinu var unnið að fjölmörgum mikilvægum verkefnum. Innleiðing K-PALS þróunarverkefnisins krafðist mikillar vinnu og lærdóms, en nú þegar fyrstu hindrunum hefur verið rutt úr vegi, hlökkum við til að halda því áfram á komandi skólaári, sem er jafnframt lokaár þessa verkefnis.

Eins hefur verið unnið markvisst að innleiðingu þeirra breytinga sem gerðar voru á aðalnámskrá leikskóla inn í okkar daglega starf og mun sú vinna halda áfram.

Faglegt starf innan leikskólans var öflugt og fjölbreytt að venju. Hópastarf, smiðja, leikvangur og vettvangsferðir sem eru skipulögð með það að markmiði að styðja við alla námsþætti úr/í aðalnámskrá leikskóla.

Einnig var ný skólanámskrá unnin og samþykkt, sem markar mikilvægan áfanga í skólastarfinu.

Leikskólastarfið í Heilsuleikskólanum Fífusölum byggir á nánu samstarfi, samvinnu og sameiginlegri ábyrgð allra sem að því koma. Á komandi skólaári munum við áfram leggja áherslu á að efla gagnkvæma virðingu, jákvæð samskipti og öflugt samstarf innan starfsmannahópsins.

Við lítum bjartsýn fram á veginn og hlökkum til að takast á við ný verkefni, tækifæri og ævintýri með börnum, starfsfólki og foreldrum á komandi skólaári 2026-2027.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun							
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**		**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Leggja Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags		Deildarstjórar á réttindanámskeið	2026/2027	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	Nokkrir deildarstjórar eru búnir að skrá sig á námskeið
Leggja fyrir Hljóm-2 fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags		Deildarstjórar á réttindanámskeið	2026/2027	Sérkennslustjóri, verkefnastjóri og deildarstjórar	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	3 eru komnir með réttindi og fleiri að taka það
Læsi og samskipti	Niðurstöður á listum frá Menntasviði		Vera betri í að setja orð á athafnir í daglegu starfi og nota fjölbreyttari orðaforða í samskiptum við börnin	2026/2027	Allt starfsfólk	Að börnin auki málskilning, hljóðkerfisvitund og efli góð samskipti	Í ferli
Matsteymi	Nýrrar aðalnámskrár		Unnið er í því að stofna matsteymi og ætti það að vera tilbúið í haust	2026/2027	Leikskólastjóri	Betra mat á starfsemi leikskólans	Skv nýrri aðalnámskrá
Börn komi að mati á leikskólastarfinu			Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna	2027/2028	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Ekki hafið.
Hljóðvist í húsnæði			Skoða öflugar lausnir eins og betri hljóðvist á veggjum og í lofti. Fá ný skilrúm með hljóðdempun	2026/2027	Skólastjórnendur	Starfsfólk meti hljóðvist betri en áður.	Beðið eftir svörum frá Eignadeild
Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið			Stjórnendur taki frá tíma, kynni fyrir starfsfólki	2026/2027	Skólastjórnendur	Rætt um líðan og símenntun starfsmanns	Allir starfsmenn búnir að fá samtal fyrir vorið

Skjal sótt af 000000000 ccgs.is 10.11.2025

Samræma viðbrögð starfsmanna			Fræðsla um hvernig takast á við erfiða/krefjandi hegðun barna	2027	Skólastjórnendur	Á skipulagsdegi 4. janúar	
Lausnahringurinn			Fræðsla um hvernig takast á við erfiða/krefjandi hegðun barna	2026/2028	Skólastjórnendur	Starfsfólk tileinki sér betra verklag	Innleiðing að byrja í haust
Deildarfundir			Mikilvægt að deildir fái fastan tíma til að ræða faglegt starf á deildinni	2026/2027	Stjórnendateymi	Hver deild nái að lágmarki að funda í 2 klst á mánuði	Verður fylgt eftir á stjórnendateymisfundum í haust
Starfsmannafundir/fagfundir			Ræða fagleg markmið leikskólans	2026/2027	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir.	Ekki hafið.
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda			Vinna með KVAN	2026/2027	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks	Búin að vinna með KVAN þetta skólaár og höldum því áfram
Upplýsingamiðlun			Tryggja að myndir af starfsfólki séu aðgengilegar í anddyri og á Sway	2026	Deildarstjórar	Sýnileiki	Myndir af mörgum starfsmönnun er í anddyrum, en ekki öllum

Skjal sett inn 10.11.2026

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	**Lýsing á námskeiði**	**Markmið**	**Dagsetning**	**Tímafjöldi**	**Kostnaður**	**Ábyrgð**
Allt starfsfólk	Lausnahringurinn	Efla börn í félags- og tilfinningafærni	10. september	2 klst	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Kynning á farsældarlögum	Að allt starfsfólk sé upplýst og vinni samkvæmt farsældarlögum	10. september	30 mínútur	Unnið í vinnutíma	Sérkennslustjóri
Allt starfsfólk	Samskiptafyrirlestur frá KVAN	Efla samskipti og vellíðan í starfsmannahópinn	11. nóvember	2 – 3 klst	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Fyrirlestur um læsi, málþroska og snemmtæka íhlutun	Efla þekkingu starfsfólks í læsi	11. nóvember	2 – 3 klst	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Unnið með samskipti frá KVAN	Efla samskipti og vellíðan í starfsmannahópinn	4. janúar	2 – 3 klst	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Að styrkja jákvæða hegðun, til að draga úr krefjandi hegðun	Gefa starfsfólki verkfæri til að vinna með hegðun	4. janúar	2 klst	Unnið á vinnutíma, starfsmaður menntasviðs	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Námsferð erlendis	Leikskólaheimsóknir og fyrirlestrar	5. – 7. maí	3 dagar	Greitt með námsstyrkjum	Leikskólastjóri og ferðanefnd

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 - 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Grunnur fyrir leikskóla Kópavogs

		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F			
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L			
4	Þ	Sumarlokun	4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S			
5	M	Sumarlokun	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M		5	M		5	L		5	M			
6	F	Leikskóli opnar 13:00	6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Prettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Leikskóli lokar 13:00		
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Skipulagsdagur	7	M		7	M	Sumarlokun		
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarlokun		
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarlokun		
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F		10	L			
11	Þ		11	F		11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M	Skipulagsdagur	11	F		11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S			
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarlokun		
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarlokun		
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinna	14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarlokun		
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarlokun		
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarlokun		
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L			
18	Þ		18	F		18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S			
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F		19	M		19	M		19	L		19	M	Sumarlokun		
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barn	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S		20	Þ	Sumarlokun		
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - Upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarlokun		
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur - Upphaf Þorra	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	Sumarlokun		
23	S		23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F		23	S		23	M		23	F	Sumarlokun		
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F		24	L			
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S			
26	M		26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarlokun		
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S		27	Þ	Sumarlokun		
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarlokun		
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F					29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarlokun		
30	S	:	30	M		30	F		30	M		30	M	Skráningardagar	30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarlokun		
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M									

Skjal sótt af vefsvæði Skóla- og frístundasviðs 10.11.2026